



Barnaheill

Leyndar- málið

- segjum nei, segjum frá!



Kennsluhefti

Uppbygging kennslustundar

- nemendur horfa á teiknimynd
- kennari útskýrir regluna um einkastaðina
- nemendur fá blöðung til að lita
- kennari leiðir umræður um efni teiknimyndar
- nemendur horfa á teiknimynd í annað sinn
- kennari og nemendur hengja upp veggspjald í skólastofu



Skilaboð myndarinnar eru eftirfarandi:

Álfur og Embla eru skemmtilegir álfar og góðir vinir. Þegar þau geta ekki leyst málin sjálf leita þau til skjaldbókunnar Veru, sem þau þekkja vel og treysta. Vera segir þeim sögu frá afmæli Arnars og sagan hjálpar Álfi og Emblu að skilja að sum leyndarmál eiga ekki að vera leyndarmál. Til eru góð leyndarmál og slæm leyndarmál.

- *sum leyndarmál eiga ekki að vera leyndarmál*
- *það sem nærbuxur og sundföt hylja eru einkastaðir*
- *munur er einnig einkastaður*
- *barn ræður sjálf yfir einkastöðunum sínum!*
- *það má segja nei ef einhver brýtur regluna um einkastaðina*
- *það má segja frá*
- *það er aldrei barni að kenna ef einhver brýtur regluna um einkastaðina*

Til kennara

Samkvæmt 34. grein Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og íslenskri löggjöf eiga börn rétt á vernd gegn líkamlegu, andlegu og kynferðislegu ofbeldi. Þetta er sérstaklega tiltekið í barnaverndarlögum, barnalögum og almennum hegningarlögum.

Vonandi gerir námsefnið þér kleift að ræða við nemendur á opinn og frjálsglegan hátt um hvað er rétt og hvað er rangt þegar kemur að einkastöðum barna.

Miðað er við að það taki um eina

kennslustund að leggja efnið fyrir. Hægt er að undirbúa sig vel fyrir sýningu myndarinnar með því að sækja námskeið Verndarar barna hjá Barnaheillum og kynna sér undirbúningsefnið á heimasíðu Barnaheilla. Einnig eru síðurnar *barnahus.is* og *bvs.is* mjög gagnlegar.

Ef þú hefur kynnt þér þetta efni en treystir þér ekki til að fjalla um það má athuga hvort einhver annar starfsmaður innan skólans t.d. skólahjúkrunarfræðingur, geti tekið

að sér að aðstoða þig við sýningu myndarinnar og stjórnað umræðum í kjölfarið. Langbest er að börnin þekki þann aðila og geti leitað til hans eftir aðstoð ef því er að skipta. Umsjónar kennari er eflaust oftast best til þess fallinn.

Ekki er gert ráð fyrir að foreldrar viti fyrirfram af sýningu myndarinnar, því reynslan hefur sýnt að það getur orðið til þess að þau börn sem verða fyrir ofbeldi eru höfð heima á meðan efnið er tekið fyrir.



Reglan um einkastaðina

Allir eiga sína einkastaði, enginn annar má snerta þá.

Einkastaðir líkamans eru meðal annars þau svæði sem nærbuxur og sundföt hylja. Þíka, brjóst, rass og typpi. Munnurinn er einnig einkastaður hjá öllum.



Hugmynd að kennslustund


Kennari byrjar kennslustundina á því að sýna teiknimyndina og kynna hana með þeim orðum að nú eigi nemendur að horfa á mynd um sniðuga álfa sem ætla að kenna þeim muninn á góðum og slæmum leyndarmálum.

Eftir sýningu myndarinnar getur kennarinn dreift myndum til að lita og í kjölfarið hefur hann umræður. Gott er að hefja umræður á því að segja nemendum hverjir einkastaðirnir eru. Kannski voru einnig einhver orð eða orðasambönd sem

nemendur skildu ekki og þarfnast útskýringar. Hvort nemendur lita myndirnar á meðan á umræðum stendur eða seinna er undir kennara komið. Hér fyrir neðan eru hugmyndir að spurningum og svörum sem gott er að hafa að leiðarljósi í umræðum.

Eftir umræður skrifar kennari regluna um einkastaðina á töflu, síðan er horft á myndina í annað sinn.

Þegar sýningu lýkur finna kennari og nemendur góðan stað í kennslustofunni til að hengja upp veggspjaldið.



Hugmyndir að umræðum eftir að nemendur hafa horft á teiknimynd

Dettur ykkur í hug einhver leyndarmál sem eru skemmtileg og má halda leyndum?

Hvað amma á að fá í afmælis-gjöf, hvernig töframaður galdrar fram kanínu, óvæntur endir á bíómynd, mamma á von á barni.

Dettur ykkur í hug einhver leyndarmál sem er best að segja frá?

Dæmi: Einhver lætur manni líða illa eða einhver vill að maður geri eitthvað sem manni finnst óþægilegt, þá má segja frá. Það er líka best að segja frá ef maður brýtur uppáhalds diskinn hennar ömmu eða ef maður hefur tekið eitthvað í leyfisleysi.

Hvernig leyndarmál átti Álfur? Átti hann að segja frá því?

Álfur var að undirbúa afmælið hennar Emblu. Það er skemmtilegt leyndarmál sem má halda leyndu.

Hvernig leyndarmál átti Jóhanna? Átti hún að segja frá því?

Jóhanna átti mjög slæmt leyndar mál sem á ekki að halda leyndu. Einhver snerta einkastaði hennar eða lét hana snerta einkastaðinn sinn. Það má alls ekki. Jóhanna var mjög hugrökk að segja frá.

Af hverju fannst Jóhönnu erfitt að segja frá því sem hafði gerst?

Jóhanna hélt kannski að það væri henni að kenna að hafa lent í þessu og henni leið illa yfir því, hún var hrædd. Kannski sagði sá sem gerði þetta við

hana að það væri henni að kenna þó að það sé alls ekki satt. Kannski sagði sá sem gerði þetta við hana að hún ætti að lofa sér að segja engum frá. Þetta var alls ekki Jóhönnu að kenna og hún mátti segja frá.

Má svíkja loford?

Ef maður segir frá því að einhver hafi brotið regluna um einkastaðina þá er maður ekki að svíkja loford. Það má enginn láta barn lofa að segja ekki frá. Það er best að segja frá.

Var það Jóhönnu að kenna að lenda í að einhver braut regluna um einkastaðina?

Nei.

Haldið þið að Jóhönnu hafi liðið betur eftir að hún sagði frá?

Já.

Af hverju eru einkastaðir kallaðir einkastaðir?

Einkastaðir eru einkastaðir. Maður á þá sjálfur og ræður yfir þeim.

Hvað kom fyrir Jóhönnu?

Jóhanna lenti í því að einhver braut regluna um einkastaðina. Við vitum ekki nákvæmlega hvað gerðist, en það gæti verið að einhver hafi snert hennar einkastaði eða látið hana snerta einkastaðina sína. Við vitum ekki hver þetta var en það gæti hafa verið t.d. foreldri afi eða amma, systkini, vinur eða vinkona, frændi eða frænka, barnapía eða kunningi.

Hvers vegna kom þetta fyrir Jóhönnu?

Sá sem gerði þetta vissi að það er rangt að brjóta regluna um einkastaðina en gerði það samt. Sumt fólk brýtur reglur þótt það viti að það eigi alls ekki að gera það. Þá er mikilvægt að segja einhverjum fullorðnum sem maður treystir frá því sem gerðist. Það sem kom fyrir Jóhönnu var alls ekki henni að kenna.

Hvað verður um Jóhönnu?

Jóhanna fær hjálp við að jafna sig og til að líða betur.

Hvað verður um þann sem brýtur regluna um einkastaðina?

Sá sem brýtur regluna um einkastaðina fær hjálp við að skilja að það má alls ekki brjóta reglu sem þessa. Það er mjög alvarlegt, en það er hægt að fá hjálp. (Ef barn spyr nánar út í þetta er hægt að benda á að viðkomandi geti fengið hjálp hjá sálfræðingi eða ráðgjafa).

Hvað á að gera ef maður lendir í sömu stöðu og Jóhanna?

Segja nei og segja frá. Finna einhvern fullorðinn sem maður treystir og segja frá því sem gerðist. Það má líka hringja í 112, þar vinnur gott fólk sem getur hjálpað manni. Það getur verið erfitt að segja frá en manni líður betur ef maður fær hjálp við að segja frá svona slæmu leyndarmáli.

Spurningar og svör

Svörin við þessum spurningum væri tilvalið að skrifa á töflu

1. Hvernig er reglan um einkastaðina?

Svar: Allir eiga sína einkastaði og það má enginn annar snerta þessa einkastaði.

2. Má einhver brjóta regluna um einkastaðina? Vinir manns? Krakkar eða unglingar? Fullorðnir? Ég eða þú?

Svar: NEI. Enginn má brjóta regluna um einkastaðina.

3. Má segja nei ef einhver reynir að brjóta regluna um einkastaðina?

Svar: Já. Það má segja nei

4. Hverjum getur þú sagt frá?

Svar: Mamma, pabbi, kennari, vinur, afi, amma, 112 o.s.frv.

Vangaveltur kennara

Hvað ef ég fæ spurningu sem ég veit ekki hvernig ég á að svara eða get ekki svarað fyrir framan öll börnin?

Gefðu jákvæð viðbrögð. Þakkaðu fyrir spurninguna, segðu að þetta sé mjög góð spurning.

Ef þú veist ekki hvernig þú átt að svara skaltu segja: „Ég er nú bara ekki alveg klár á svarinu en ég skal komast að því og tala svo aftur við þig.“ Þú getur svo svarað spurningunni þegar þú hefur svarið á reiðum höndum

Ef þú getur ekki svarað spurningu eða athugasemd frá nemanda fyrir framan bekkinn skaltu segja viðkomandi að þú viljir endilega spjalla um spurninguna eða athugasemdina í frímínútum. Mundu að gefa jákvæð viðbrögð.

Hvað á ég að gera ef nemandi segir frá kynferðisofbeldi í kjölfar sýningu myndarinnar?

- trúðu barninu
- láttu barnið vita að það var rétt að segja frá
- fullvissaðu barnið um að ofbeldið sé ekki því að kenna
- hlustaðu á barnið, ekki yfirheyra það
- segðu barninu að þú heyrir það sem það er að segja

Ef barn segir frá kynferðisofbeldi eða grunur vaknar um ofbeldi í kjölfar sýningu myndarinnar er mikilvægt að tilkynna það til Barnaverndarnefndar þar sem barnið býr. Hægt er að hringja í neyðarlínuna 112, en hún veitir aðgang að öllum barnaverndarnefndum landsins.

Ef grunur um kynferðisofbeldi er til staðar skaltu stíga skrefið og hringja. Það er ekki þitt að leysa vandamálið heldur er það skylda þín að koma því í réttan farveg, til réttra aðila.

